

# STEFNU- YFIRLÝSING

## ALCOA FJARÐAÁLS

### GILDI

#### Heilindi

Við erum heiðarleg, ábyrg og fylgjum í hvítvetna lögum og reglugerðum. Við tryggjum öryggi gagna og persónuupplýsinga fyrirtækisins. Við byggjum upp traust með opnum samskiptum við kaupendur, birgja og starfsfólk.

#### Árangur

Stöðugar umbætur eru undirstaða góðs árangurs Alcoa Fjarðaáls. Við stefnum alltaf að bestu gæðum og framleiðni til að mæta kröfum og fara fram úr væntingum viðskiptavina. Við erum stöðugt að finna nýjar leiðir til að vernda umhverfið og starfsfólk á sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt.

#### Umhyggja

Við finnum samkennd, vinsemd og virðingu í öllum samskiptum og metum framlag allra að verðleikum. Þannig myndum við gagnkvæmt traust og sköpum öryggi fyrir alla. Við hlustum, hjálpum og hrósum.


#### Hugrekki

Við leggjum grunn að framtíðinni með nýsköpun og forðumst kyrrstöðu. Við fögnum öllum tækifærum til að þróast og höfum hugrekki til að setja fram og prófa nýjar hugmyndir.

### FRAMTÍÐARSÝN

Alcoa Fjarðaál byggir upp fyrirtækjamenningu með sameiginlegri sýn um sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð með gildi fyrirtækisins að leiðarljósi. Í starfsemi sinni notar Alcoa Fjarðaál endurnýjanlega orku þar sem því er við komið og er með skilvirkt orkustjórnunarkerfi til að hámarka orkunýtni. Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls vinna á öruggan og ábyrgan hátt, með virðingu fyrir umhverfinu. Við fórnnum ekki umhverfis-, heilsu- og öryggisgildum fyrir hagnað eða framleiðslu.

Reyðarfirði, 28. júní 2022



Einar Þorsteinsson  
Forstjóri Alcoa Fjarðaáls



Fjarðaál  
alcoa.is

